


# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

# Það munar miklu að vera í Námunni

**Náman er vildarþjónusta** fyrir alla námsmenn, 16 ára og eldri. Lögð er áhersla á þjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, betri kjör og fjölbreytt fríðindi.

## Betri kjör

- » Hagstæðir vextir
- » 150 fríar færslur
- » Kreditkort frítt fyrsta árið
- » Yfirdráttarheimild
- » Hagstæðari tryggingar

## Þjónusta

- » Almenn fjármálaþjónusta
- » Fræðsla og ráðgjöf
- » LÍN-þjónusta
- » Greiðsludreifing
- » Netklúbbur

## Fríðindi

- » Aukakrónur
- » 2 fyrir 1 í bíó
- » Námsstyrkir
- » Vegleg inngöngugjöf
- » Fjölbreytt tilboð

Kynntu þér Námuna á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is), í næsta útibúi eða í síma 410 4000.



John Lennon sagði eitt sinn að lífið væri það sem gerðist á meðan maður er upptekinn við að gera önnur áform.



ÁSRÚN OG BERGLIND ERU BÚNAR AÐ REIMA Á SIG DANSSKÓNA

## Dans er grunnþörf mannsins

**Ásrún Magnúsdóttir** er meðlimur í danshóp sem býður fólki að mæta í partí á föstudaginn og dansa frá sér allt vit. Dansinn verður tekinn upp og notaður í dansverk á **Reykjavík Dance Festival**.

„Við erum að leita að fólki til að koma og dansa í klukkutíma og það eru allir algjörlega velkomnir,“ segir Ásrún Magnúsdóttir, dansari sem stendur fyrir sannkallaðri dansveislu á föstudaginn. „Dansinn verður tekinn upp á vídjó og sú upptaka verður notað í dansverk sem við erum að undirbúa. Verkið verður síðan frumsýnt á miðvikudaginn í næstu viku sem liður á Reykjavík Dance Festival. Þetta fjallar um ferlið þegar dansverk verður til, við erum meðal annars að spyrja okkur hvað dans sé í raun og veru og tökum fyrir nauðsyn þess að dansa. Það er nauðsynlegt fyrir alla, dans er ein af grunnþörfunum.“

Ásrún ítrekar að hópurinn sé að leita að fólki á öllum aldri en er þetta ekki bara lúmsk leið

til að fá einhverja til að mæta í partí þeirra? „Jú, okkur vantar bara vini,“ svarar hún á léttum nótum. „Nei nei, þetta er lúmsk leið til að fá fólk til að dansa og fá það til að taka þátt í dansverki sem er náttúrulega bara snilld. Þemað í þessum hluta verksins er bara partí, við viljum bara fá fólk til að koma saman og dansa. Það verður plötusnúður á staðnum sem spilar skemmtilega tónlist svo málið er bara að mæta og skemmta sér eins og brjálaðingur. Við viljum losa um hömlur hjá fólki.“

**Ætlar að sjá allt á hátíðinni**  
Reykjavík Dance Festival hefst á mánudaginn og er eins og gefur að skilja allsherjardanshá-

tíð sem hefst mánudaginn næstkomandi, 5. september, og lýkur þann 11. september. Ásrún segist annars svakalega spennit fyrir hátíðinni og segir hana stóran og skemmtilegan viðburð, einkum fyrir dansara, og ætla hún ekki bara að setja upp sína sýningu heldur einnig gerast áhorfandi. „Maður verður að skoða önnur dansverk til að opna hugann. Ég ætla bara að sjá allt á hátíðinni, það er mitt plan. Ég skora á einhvern til að gera betur en það.“

**Partíð fer fram á föstudaginn kl. 21:30 í húsnæði Kex Hostels og stendur til kl. 22:30.**

## Monitor mælir með

### FYRIR SKILNINGARVITIN

Munnharpan er snorturt kaffihús og veitingastaður í Hörpunni. Þar er boðið upp á fínasta mat og bakkelsi og á öllum laugardögum í september mánuði verður boðið upp á ókeypis djass-tónleika, en þeim síð hefur verið viðhaldið í allt sumar. Ekki skemmur heldur fyrir hversu sniðugt nafn staðarins er.



### Á NETINU

**9GAG**  
Þótt brandararnir á 9gag.com séu oftast af ódýrari endanum þá eru þeir tilvalin leið til að lífga upp á hversdaginn og létta á stemningunni á skrifstofunni. Þar má finna grínmyndir sem spanna allt frá aulalegasta aulahúmor yfir í hnittið og útpældara spaug. Hafa þér í huga að aulabrandari er betri en enginn brandari.

### Í BOLTANUM

Á félagið þitt enn möguleika á Íslandsmeistaratitlinum eða er það í bullandi fallbaráttu? Pepsi-deild kvenna lýkur í september og úrslitin í karlaflokki ráðast sennilega en síðasta umferðin fer fram þann 1. október. Monitor mælir með því að fólk fjölmenni á vellina á lokasperttum Íslands-mótanna tveggja og „deyi“ fyrir klúbbinn.



### Vikan á...

## facebook



**Herbert Guðmundsson**  
Vingjarnleg orð eða góðverk getur getur skipt sköpum í lífi fólks. Veistu um nokkuð annað sem kostar svo lítið en ber svo ríkulegan ávöxt?  
31. ágúst 13:51



**Arnar Grant**  
Ekkert er jafn auðvelt og að sleppa því algjörlega að æfa og borða hollan mat, en það er samt auðveldara að borða hollt og æfa en að fara út á tún, leggjast þar niður og bíða dauðans. Það er því ekki alltaf auðveldast í lífinu að gera ekki neitt.  
29. ágúst 10:34



**Halldór Halldórsson**  
Angst hat meine Seele gefressen  
28. ágúst 12:41



**Ásdís Rán**  
you want to have me in your pocket 24/7?? hmmm... nothing is impossible! ;) download for free the Ásdís Rán app and enjoy me where ever u are.  
27. ágúst 16:29

### Feitast í blaðinu

**Steini í Moses Hightower** þráir að fljúga um í loftbelg á túr bandsins um landið. >>>4

**Hilmar Guðjóns** fór til Kína eftir menntaskóla og leikur nú fuglahræðu. >>>6

**Björn Bragi** hefur ekki orðið var við að nokkur tjaldi fyrir utan húsið hans. >>>11

Monitor rifjaði upp há- og lágpunkta **Búdryginda** með **Axel** trommara. >>>16

Stíllinn kíkti í fata-skáp **Ágústu Sveins** og skoðaði helstu fatagersem-arnar. >>>18

### Efst í huga Monitor

## Gott að vera í Monitor?

Í síðustu viku spjallaði Monitor við Arnar Pétursson sem sigraði Reykjavíkummarafonið á dögunum. Þar fór Arnar yfir undirbúning sinn fyrir hlaupið og minnst meðal annars á að hann hafi borðað tvær skálar af Cheerios í morgunmat daginn sem hlaupið var. Fólkið hjá Nathan og Olsen var svo upp með sér að það ákvað að verðlauna piltinn. Nú þarf Arnar ekki að hafa áhyggjur af því hvað hann á að fá sér í morgunmat og getur eytt öllu púðrinu í að úthuga góðan hádegisverð.

Það skal tekið skýrt fram að þessi pistill er ekki kostaður af Cheerios. Okkur á Monitorstöðum fannst bara svo frábært hvað þessi litla setning í blaðinu varð til þess að Arnar var verðlaunaður enn frekar. Þetta ætti að hvetja ungt fólk til góðra verka því þá á það möguleika á að komast í Monitor og í framhaldinu komast í náðina hjá einhverjum góðum heildsala.

Monitor... blað fyrir heildsala. Kannski lélegt slagorð en þið vitið hvað ég á við. Góða helgi. jrj



MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Ernir Eyjólfsson (ernir@mbl.is) Grafík: Elín Esther (ee@mbl.is) Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136

# TÚRAÐ UM LANDIÐ Í LOFTBELG

**Moses Hightower** vinnur hægt og bítandi að sinni annarri plötu þótt fjarlægðir milli meðlima teffi ögn. **Monitor** tók **Steingrím Teague**, hljómborðsleikara og söngvara bandsins, tali.

**Helmungur hljómsveitarinnar býr í útlöndum að jafnaði. Hvernig hefur samstarf hljómsveitarmeðlimanna gengið fyrir vikið?** Þegar við byrjuðum að vinna fyrstu plötuna bjó ég í Hollandi, Maggi trommari bjó í Noregi en hinir tveir á Íslandi. Nú erum við Maggi á Íslandi en hinir tveir búa í Berlín og Amsterdam. Við skulum bara segja að Moses Hightower noti mjög mikla bandvídd, sæstrengrurinn kemur sér vel.

**Allir meðlimir hljómsveitarinnar eru sprenglærðir úr FÍH. Er enginn metingur manna á milli um hver sé klárastur í tónfræði?** Við náttúrulega útkljáum deilumál bandsins í hljómfraeðiverkefnum en erum annars löngu komnir yfir metingunni í okkar vinskap.

**Hvert er eftirminnilegasta giggið hingað til?** Við höfum átt mörg skemmtileg en Menningarnóttin í fyrra var eftirminnileg að því leyti að við spiluðum sjö sinnum. Það voru einhverjar mjög óheppnar sálir sem sáu okkur örugglega svona fjórum sinnum þetta kvöld. Þau fóru eitthvert, sáu okkur og forðuðu sér eitthvert annað, en þá vorum við þar líka með sömu fimm, sex lögum. Ég nýti því tækifærið og bið þetta fólk afsökunar.

**Í texta lagsins Alltígóðulagi segir að eftirspurnin eftir þjónustunni þinni sé slík að röðin nái út fyrir Stór-Reykjavík. Hvernig gengur að annast þessa eftirspurn?** Ég get að sjálfsgöðu ekki annað en staðið við það sem fram kemur í textanum. Hann var nú samt skrifaður dálítið svona með tunguna úti í kinn, hann var hugsaður sem skopstæling á rapptextum þar sem menn eru að tala um hvað þeir eru með stórar byssur

og þannig. Hann varð svo einhvern veginn tuttugu sinnum fyndnari þegar það vorum við sem vorum að syngja um svona hluti.

**Eruð þið sem sagt ekki harðir rapparar inn við beinið?** Nei, nei, við hellum bara upp á kaffi og erum ljúfir sem ljúfustu lömb.

**Ef þið færuð í tónleikatúr hringinn í kringum landið næsta sumar, með hvaða hætti mynduð þið ferðast?** Í fullkomnum heimi? Loftbelgur, dreginn af kondórum. Nú þegar ég hugsa út í það er þetta mál sem við þyrftum eiginlega að fara að huga að.

**Leikarinn Bubba Smith, sem lék Moses Hightower í Police Academy-myndunum, lést í ágúst. Gerðuð þið eitthvað til að heiðra minningu hans?** Við fengum gríðarlegan fjölda samúðarkveðja á Facebook-vegginn okkar og fólk hringdi jafnvel, við vorum mjög hræðir. Það vildi svo til að kvöldið eftir fráfall hans vorum við að spila á Norðurpólnum. Það voru svolítið óvanalegir Moses-tónleikar, það var allt dempaðra og innilegra, enda rafmagnslausir tónleikar. Þar tileinkuðum við honum nokkur lög, ef ekki alla tónleikana, en við værum ekki hér í dag án hans. Þetta byrjaði allt með ferli Bubba Smith. Það stendur kannski til að við í hljómsveitinni horfum saman á eina eða tvær Police Academy-myndir áður en við sundrumst aftur.

**Við hverju má búast á Svínarínu þann 2. september næstkomandi?** Vinsemd, ljúfri stemningu og allavega einu nýju lagi.

elg



MOSES-MENN VINNA NÚ AÐ NÆSTU PLÖTU SEM ÞEIR VONA AÐ KOMI ÚT Á NÆSTA ÁRI

Sjáðu Moses Hightower á Svínarí Monitor á Faktorý föstudaginn 2. september.

**Cocoa  
Puffs**

**Gemmer  
Cocoa Puffs!**



# Hilmar og leitin að

Þó ekki sé nema rúmt ár síðan **Hilmar Guðjónsson** útskrifaðist úr Leiklistarskólanum hefur hann strax náð að setja svip sinn á íslenskt leikhúslíf. Hann er fastráðinn í Borgarleikhúsinu og lærir þessa dagana hvernig á að leika fuglahræðu. Á morgun verður svo frumsýnd kvikmyndin **Á annan veg** en þar spreytir Hilmar sig í fyrsta sinn á aðalhlutverki í bíómynd.

## Þú ólst upp á Seltjarnarnesinu. Varstu athyglissjúkur ungur drengur?

Ég veit það ekki sjálfur en ég er ekki frá því. Ég var orkumikill og glaður. Það var svolítið þannig að það voru allir vinir mínir í bekknum þannig að þegar átti að refsa mér með því að færa mig eitthvert annað í skólastofunni þá talaði ég alveg jafnmikið við nýja sessunautinn. Þá var ég bara sendur fram á gang. Ég var svolítið mikið frammi á gangi.

## Þú æfðir fótbolta með KR lengi vel og varst þekktur fyrir gríðarlegt keppnisþap. Var stefnan aldrei sett á atvinnumennskuna?

Jú jú jú, ég ætlaði að verða fótboltamaður en ég var meiddur 70% af tíma mínum í öðrum flokki svo ég sagði skilið við þann draum. Nú spila ég bara við kollega mína í leiklistinni einu sinni í viku.

## Þú æfðir líka samkvæmsdansa á unglingsárunum.

Ég var í rokkdansi. Þar var Elvis Presley og gott tjútt. Mikið um spörk og svo lyfti ég henni Guðríði, dansfélaga mínum, voðalega mikið. Þegar ég var níu ára voru svona lyftur alveg málið. Það var mikill kraftur í þessu. Ég toppaði í dansinum þegar ég fór í Hemma Gunn. Skömmu seinna fórum við í Stundina okkar en það var í raun skref niður á við miðað við giggið hjá Hemma.

## Fortíðin bankar oft á dynnar hjá þér þegar fólk rifjar það upp að þú hafir verið fyrstur til að leika Rauða ljónið, lukkudýr KR. Er það skemmtilegt að eiga á ferilskránni eða er þetta draugur sem þú vilt helst losna við?

Þetta var virkilega gaman og það er góð minning að hafa mest verið með 5000 tryllta áhorfendur að horfa á mig á meðan ég var eitthvað að bulla eins og ég vildi og enginn vissi hver ég var. Þetta var mikið frelsi fyrir mann eins og mig.

## Þegar þú varst í Kvennó sameinuðu nokkrir nemendur úr MR, Verzló, MH, Kvennó og MS krafta sína undir merkjum leikfélagsins Þrándar. Þar fórst þú með aðalhlutverkið í sýningunni Fullkomið brúðkaup. Var það bara einn liður í leiklistarplaninu mikla?

Þarna var ég að fíla það í botn að taka þátt í svona sýningum. Þetta var samt sem áður mikil keyrsla þannig að á þriðja ári í Kvennó var ég sviðsmaður. Ég vann líka lengi vel sem ljósamaður í Íónó þannig að ég er búinn að prófa alla pósta leikhússins. En ég var allan tímann á leið í leiklistina.

## Árið 2004 lékstu í Geitinni í Borgarleikhúsinu og kysstir þar Eggert Þorleifsson. Hvernig var að kyssa miðaldra mann verandi sjálfur tvítugur piltur?

Það var partur af prógrammet. Ég sætti mig alveg við það. Ég vissi samt í raun ekkert hvað ég var að gera. Allt í einu kom koss og svo kom frumsýning.

## Engin frunsa sem fylgdi þessu?

Nei, ég hef aldrei fengið frunsu. 7, 9, 13.

## Sama ár útskrifast þú úr Kvennó og ári seinna lá leiðin í Hússtjórnarskólann. Hefur þú alltaf haft svona mikinn áhuga á því að þrjóna?

Þældu í því, í áttatíu ára sögu skólans hafa bara fimm karlmenn setið þar á skólabekk. Ég hef ekki alltaf haft áhuga á því að þrjóna en það var frábært að fara í þennan skóla og vefa, þrifa, baka, sauma og þrjóna. Ég tók próf

í að strauja skyrtu svo að þú mátt alveg endilega pikka í mig ef það er eitthvað krumpuð hjá þér skyrtan.

## Gefur þú núna öllum þrjónaðar flíkur í jólagjöf?

Já, allir í fjölskyldunni fengu ennisbönd með nöfnunum sínum sem ég og kærastan þrjónuðum fyrir þau. Þorláksmessa það árið fór alveg í þetta. Við sátum bara í sófanum og þrjónuðum ennisbönd.

## Sumarið 2005 fórstu til Kína í þrjá mánuði. Síðan þá ert þú þekktur á meðal vana fyrir marga fróðleiksmola um Kína. Getur þú deilt einum slíkum með lesendum Monitor?

Það eru mörg innlegg hjá mér í samræður sem hefjast á: „Þegar ég var í Kína.“ Ég get einmitt sagt ykkur það að Kínverjar borða alltaf kjötið og grænmetið fyrst en borða sig svo sadda af hrísgrjónum. Þeir nota hrísgrjónin ekki með matnum endilega. Og ég sá aldrei djúpsteiktar rækjur í Kína þó ég hafi farið hringinn. Það er eitthvað vestrænt fyrirbæri.

## Haustið 2005 komst þú ekki inn í Leiklistarskólann.

### Voru það ekki vonbrigði?

Jú, það voru vissulega vonbrigði en um leið var það alveg frábært. Fram að því hafði ég fengið já við öllu sem ég hafði gert í leiklist. Þetta fékk mig því til að hugsa minn gang, hvort þetta væri málið og hvort þetta væri það sem ég vildi gera. Ég var því alveg hundrað prósent viss þegar ég fór aftur í prufu ári seinna.

## Haustið 2006 liggur samsé leiðin í Leiklistarskólann.

### Var það snilldin ein?

Þetta var yndislegur tími. Ég var með frábærum krökkum í bekk. Við unnum alveg svakalega vel saman. Það voru allir saman í liði og við hjálpuðum hvort öðru; engin samkeppni í gangi. Bara gleði.

Ég toppaði í dansinum þegar ég fór í Hemma Gunn. Skömmu seinna fórum við í Stundina okkar en það var í raun skref niður á við miðað við giggið hjá Hemma.

## Sama ár leikur þú særdan sjóliða í Flags of our Fathers. Ætlaðir þú þannig að stytta þér leið til Hollywood?

Nei (hlær). Ég ætlaði bara að fá að vera fluga á vegg í svona risastóru verkefni. Það leiddi svo til þess að ég fékk þarna smá hlutverk.

## Fékkstu línu?

Já, ég sagði „coreman“ tvisvar sinnum. Það átti ekki að vera nein lína en Clint sagði svo við mig að ég mætti segja þetta þegar ég sæi Ryan Phillippe koma skriðandi til mín. Þetta er svona hermál yfir læknaðiða. Þetta var ótrúlega falleg sena; Hollywood-rigning og allt og hann kom og bjargaði lífi mínu.

## Sumir leikarar eru í eilífri leit að verkefnum en þú ert fastráðinn strax eftir að þú útskrifaðist úr Leiklistarskólanum. Ertu ekki þakklátur í hjartanu?

Ég er rosalega þakklátur og geri mér grein fyrir því að það er alls ekki gefið að fá þetta tækifæri. Þetta verður kannski ekki alltaf svona. Ég reyni því að njóta þess að vera þarna á meðan ég get.

## Hvernig er venjulegur vinnudagur hjá þér?

Frábær. Þessa dagana er ég bara að syngja og dansa í Galdrakarlinum í Oz. Við leikararnir erum að vinna saman fyrir hádegi og svo eftir hádegi koma til okkar þrjátíu og sex krakkar og æfa með okkur stóru senurnar. Það er virkilega gaman að vinna með krökkum, þau eru svo stútfull af leikgleði.

## Finnst þér ekkert óþægilegt að vera svona líkur Ben Stiller?

Nei, nei. Ég hef alveg séð eitthvað líkt með okkur í einhverri af myndunum hans. En hann er fyndinn og sniðugur svo það er í góðu lagi. Það væri leiðinlegt ef þetta væri einhver leiðindagaur.

## Í síðustu viku sást þú í forkunnarfagri Speedo-sundskýlu í innslagi í Týndu kynslóðinni. Setur hún mikinn svip á þig sem einstakling?

Já, ég fékk hana í Spórtu, sportvöruverzlun þabba míns sem lokaði fyrir einhverjum þrettán árum síðan svo að ég held upp á hana. En ég keypti mér nýja skýlu um daginn en ég þarf að laga hana. Teygjan undir buxunum heldur ekki öllu svo ég þarf að smella teygju í hana.

## Nú ertu svo að fara að birtast í fyrsta sinn í aðalhlutverki á hvíta tjaldinu. Kvikmyndin Á annan veg er frumsýnd um helgina. Var þetta ekki skemmtilegt ferli?

Þetta var alveg gjörsamlega frábært. Þetta var verkefni sem var unnið af ástríðu og metnaði svo ég fékk alveg svakalega mikið út úr þessu. Við leikararnir fengum að koma mjög mikið að undirbúningnum, fengum að koma að samtölunum og hafa smá áhrif á þetta allt saman. Þannig að þetta stendur mér nærri.

## Verður skrýtið að horfa á sjálfan sig í bíó?

Við forsýndum myndina síðasta laugardag á Patreksfirði en myndin er tekin þar í kring. Myndin gerist árið níttjánhundraðáttatíuogeyttíu og það var mikið hlegið að alls kyns nostalgíu sem fólk tengdi við; klæðnaði, tónlist og fleiru. Patreksfirðingar tóku mjög vel í þetta og ég er því bara spenntur að sýna þetta í höfuðborginni.

## Hlærðu alveg svakalega mikið að sjálfum þér jafnvel?

Já, stundum geri ég það. Stundum segi ég meira að segja eftir mitt eigið grín: „Heyrðu, þessi var nú bara svolítið góður hjá mér.“ Þá er ég svona að meta grínið hjá mér. En ég hef líka húmor fyrir sjálfum mér og geri grín að því hvað ég er lítill og svona.

## En þú ert samt með stórt hjarta?

Ég er með stórt hjarta þó ég sé enginn sláni.

## Hvert er svo framhaldið?

Framhaldið er að frumsýna Á annan veg og fara svo með hana á kvikmyndahátíð á Spáni. Ég er einmitt að leita mér að hörjakkafötum til að klæðast á rauða dreglinum þarna í mollunni. Svo er ég að fara að leika í Galdrakarlinum í Oz og í Fanný og Alexander. Ég þarf líka að fara að borga leiguna og skatt. Svo skulda ég símreikning líka. Ég þarf að finna sniðuga lausn á því.

jrj

# hörjakafötunum

## HILMAR Á 60 SEKUNDUM

**Upphaldsmatur:** Kjöt

**Upphalds íslenskur leikari:** Lára  
Jóhanna Jónsdóttir

**Upphalds erlendur leikari:** Danny  
Devito. Ég veit það ekki.

**Upphaldsleiksýning:** Sound of Silence

**Upphaldskvikmynd:** Á annan veg

**Upphaldshljómsveit:** Fimm á Richter

**Upphaldsgæludýr:** Páfagaukur

**Upphaldslukkudýr:** KR-ljónið

**Upphaldsstaður í heimi:** Heimilið mitt

**MONITOR  
TV**   
Farðu inn  
á **MonitorTV** á  
**mbi.is** og sjáðu  
**Hilmar Guðjóns**  
á rúntinum.

Myni/Eggert

2011



Á FRUMSÝNINGU SÍÐUSTU HARRY POTTER MYNDARINNAR. EMMA ER ORÐIN TÍSKUFYRIR-MYND OG HEFUR NÁÐ AÐ STIMPLA SIG RÆKI-LEGA INN Í HOLLYWOOD. GAMAN VERÐUR AÐ FYLGJAST MEÐ HENNI Á NÆSTU ÁRUM.



2000

KRÚTT ALDARINNAR



2001

Á FYRSTU FRUMSÝNINGU HARRY POTTER



2002

SKVÍSAN FARIN AÐ MÁLA SIG

# Galdrastelpa verður tískugyðja

**Emma Watson** hefur eytt meira en helmingi ævi sinnar sem galdrastelpa **Hermione Granger** í Harry Potter-kvikmyndunum. **Stíllinn** fann nokkrar myndir af stúlkunni og skoðaði hvernig stíll hennar hefur þroskast og þróast í gegnum árin.



2004

ORÐIN DÖMULEGRI



2006

KOMIN MEÐ ÞVERTOPP OG STYTTUR



2007

MÆTT Í CHANEL-PARTÍ AÐEINS 17 ÁRA GÖMUL



2008

SMEKKLEG Á TÍSKUVIKU Í PARÍS



2009

EMMA HÉLT SIG LENGI VIÐ LÁTLAUSA FÖRÐUN OG STÍL



2010

KLIPPTI SIG STUTT OG VAKTI MIKLA ATHYGLI FYRIR



## Stjörnustríð

Hér má sjá þær **Paris Hilton** og **Khloe Kardashian** í sama kjólnum nema Khloe ákvað að flika aðeins upp á sinn. Stíllinn hefur aldrei verið hrifinn af óklæðilegum kjólum með sitt að aftan svo Paris sigur þetta stríð auðveldlega.

Leikkonurnar **Jamie Chung** og **Vanessa Hudgens** klæddust báðar þessum hlébarðasiðkjól fyrir stuttu. Þó að Jamie líti vissulega vel út í kjólnum passar klassísk hárgreiðslan ekki við og því hlýtur Vanessa vinninginn fyrir afslappaða hárgreiðslu og fallett hálsmen í stíl.

Bomburnar **Carmen Electra** og **Brooke Burke** reyndu sitt besta í þessum stutta og þrönga hlébarðakjól en Carmen klúðraði dressinu algjörlega með því að setja belti á kjólinn og fela línurnar með ósköp venjulegri svartri gollu. Brooke rústar því viðureigninni.

**Julie Bowen** og **Kim Kardashian** eru báðar flottar í þessum ósymmetriska síðkjól en mjúkar línur Kardashian fara kjólnum betur og undirstrika kvenlegt snið hans. Heimsins frægasti afturendi skilar Kim því titlinum að þessu sinni.



# Eigðu góða stund með vini



## VINADAGAR Á FIMMTUDÖGUM

Þjóddu besta vini þínum eða uppáhaldsfrænku í Smáralind á fimmtudögum því þá njótið þið kostakjara fyrir vini.

Frábær vináttutilboð í mörgum verslunum, verslun á einum stað veitir afslátt á öðrum. Láttu ekki vinatilboðin fram hjá þér fara.



**SMÁRA**  **BÍÓ**

Ef þú verstar fyrir 5.000 kr. eða meira í einni verslun eða veitingastað í Smáralind færðu **2 fyrir 1** í Smárabío sama kvöld.\*

\*Gegn framvísun kasskvittunar



WRIGLEY'S  
**Extra**



**Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...**



Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætuefnis í tyggigúmmii


Rannsóknir sýna að notkun sykurlausss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.


**Björn Braga Arnarsson**

þarf vart að kynna fyrir lesendum **Monitor**. Lengi vel var hann hinum megin við borðið og tók viðtöl við marga þekktu Íslendinga sem birtust á forsíðu blaðsins. Nú hefur þessi hnyttni og hæfileikaríki drengur aftur á móti sagt skilið við blaðamenskuna og stýrir spánýjum skemmtiþætti, **Týndu kynslóðinni**, sem er í opinni dagskrá Stöðvar 2 á föstudögum í allan vetur.

# Snýst um ógleymanleg augnablik





 *Ég endaði einn  
einhvers staðar  
í Breiðholti með þoka  
með stolinni klámmynd.*





Það ætlaði allt um koll að keyra þegar MonitorTV sýndi myndskleið frá uppstandi þínu þar sem þú gerðir grín að lagi með Á móti sól. Í kjölfarið fórstu að skemmta mikið í veislum og öðrum uppákomum. Er ekkert steikt að þurfa að vera myndinn hjá einhverju liði sem þú þekkir ekki neitt?

Jú, það er mjög steikt en skemmtilegt. Þetta er eiginlega mesta áskorun sem ég hef tekist á við af því að maður gerist ekki meira nakinn en þegar maður labbar einn inn í stóra veislu hjá fólki sem maður þekkir ekki neitt, ætlar að fá athygli hjá öllum og láta fólkið hlæja að sér. Þetta er hundrað prósent þú og þú ert ekki með hljómsveit, tókuvélar eða neitt álíka með þér. Þetta er bara þú og míkrofónn og drullastu til að vera myndinn!

Nú eru búnir tveir þættir af Týndu kynslóðinni og sá þriðji líklega gott sem tilbúinn. Stenst sjónvarpið væntingar þínar?

Já, hiklaust. Það eru líka forréttindi að vinna við að tala við skemmtilegt og áhugavert fólk og búa til skemmtiefni með því. Mér finnst líka gaman að gera verkefni sem maður fær mikil viðbrögð við. Hjá Monitor fékk ég mikil viðbrögð og í sjónvarpinu fæ ég enn sterkari viðbrögð. Þar er ég sjálfur meira í sviðsljósinu sem mér finnst skemmtilegt að takast á við. Það er líka hollt að fá gagnrýni á sjálfan sig því að maður vill verða betri í öllu sem maður gerir. Ég held að það skili sér í þættinum hvað við erum að skemmta okkur vel við að gera þetta. Mér finnst algjört lyklatríði að hafa gaman af því sem maður er að gera. Um leið og manni þykir leiðinlegt í starfinu sínu þá á maður að hætta, ekki spurning.

Sem ritstjóri Monitor gafstu út blað vikulega og núna þarftu að senda þátt í loftið í hverri viku. Er ekkert óþægilegt að vera undir svona pressu 52 sinnum á ári?

Maður myndi kannski halda það en svo þegar ég fer í sumarfrí og það er engin pressa þá geri ég ekki rassgat. Svona finnst mér lífið mest spennandi, þegar maður er stöðugt á tánum. Ég vinn best undir pressu.

Er ekki ljúft að eiga skilningsríka og fallega kærustu þegar álagið er mikið?

Jú, það er rosalega ljúft. Stundum er mikið stress og álag og þá er hvergi betra að vera en í örmum hennar.

En stenst bíllinn þinn álagið?

Nú ertu að vísa til Bláu þrumunnar sem er Toyota Corolla árgerð 1997 sem ég er búinn að eiga síðan ég fékk bílpróf fyrir tíu árum. Hún hefur lifað tímana tvenna en mig langar mikið að eiga þennan bíl að eilífu. Þabbi er alltaf að spyrja hvort ég vilji ekki fá mér nýjan bíl en ég ætla frekar að skipta bara um vél eða eitthvað. Það er einfaldlega svo gott að sitja í þessum bíl að það bætir alveg upp fyrir það að hann er kraftlaus og við það að liðast í sundur. Ég vil vera grafinn í þessum bíl í risagröf. Líkistan þarf þá að vera á stærð við gám. Jarðarförin verður styrkt af Eimskip. Það ætti að vera auðvelt

## HVORT MYNDIR ÞÚ?

**Borða svín í hvert mál eða drekka Nupo Létt það sem eftir lifir?** Nupo Létt? Er árið 1993? Ég vel það samt fram yfir svinið því ég borða ekki svínakjöt.

**Giftast og stunda kynlíf einu sinni í mánuði eða stunda eins mikið kynlíf og þú vilt með ljónynju?** Þráhyggja núverandi ritstjóra Monitor fyrir kynlífi með ljónynjum er áhyggjuefni. Ég vel þó að sjálfsgöðu ljónynjuna.

**Fá Bo eða Bubba til að syngja í brúðkaupinu þínu?** Bo. Svo myndi ég fá hann til að kynna alla dagskrárlíði í athöfninni með Stöð 2-röddinni sinni. „Hér rétt á eftir, brúðurin gengur inn kirkjugólfíð. En mun hún segja já? Farið ekki langt.“

**Borða hádegisverð með Michael Jordan eða Pele?** Michael Jordan. Það sem vinnur helst gegn Pele í þessari spurningu er að móðurmál hans er portúgalska og svo held ég að hann borði Pizza Hut í öll mál.

**Vilja festast í líkama Gillz eða Gareth Bale?** Gareth Bale. Þegar ég hugsa um það þá væri ég mjög mikið til í að festast í líkama Gareth Bale.

**Kjósast að fá alla kosti Hemma Gunn eða Loga Bergmanns?** Þessi er erfið. Hemmi getur hlegið í hálf tíma án þess að anda en Logi er með einhverja karlmannlegustu rödd vesturheims, enda var hann í læri hjá Marlboro-manninum. Hér verð ég að úrskurða jafntefli, enda tveir öðlingar á ferð sem eru mörgum göðum kostum gæddir.

**Fara til Alicante með tengdafjölskyldunni eða til Las Vegas með öllum bestu vinum þínum?** Væri ekki eitthvað að mér ef ég myndi ekki velja Las Vegas-ferðina? Annars myndi tengdamóðir mín örugglega drekka mig og alla vini mína undir borðið ef hún kæmi með til Vegas.



að selja auglýsingar út á jarðarförina ef þátturinn gengur vel.

**Finnur þú fyrir því að þú sért að verða þekkt andlit?**

Ég finn að fólk horfir meira á mig en áður en ég hugsa samt alltaf að það sé vegna þess að það sé að hugsa: „Var þessi gaur ekki að vinna með mér í Byko fyrir nokkrum árum?“ Fólk er ekkert byrjað að tjalda fyrir utan heimilið mitt ennþá. Ég held að menn séu almennt mjög rólegir yfir mér.

**Er ekki erfitt að vera sætur sjónvarpsmaður? Þarftu ekki að líta alltaf út eins og á skjánum? Setja í þig gel og farða þig jafnvel á morgnana?**

Jú, ég er einmitt farinn að vakna klukkan fimm á morgnana til þess að farða mig fyrir vinnu. Nei, ég hef ekki þælt sérstaklega í þessu. En ég hef alltaf haft gaman af fólki sem verður ruglað þegar það verður frægt og ég hefði lúmskt gaman að því að verða hægt og rólega að einhverju friki, eins og Boy George. Vonum samt að það gerist ekki strax.

**Hvar sérðu þig eftir 5 ár?**

Gamli framtíðardraumurinn minn var að stýra skemmtilegum sjónvarpsþætti og ég er að lifa þann draum núna. Ég á eftir að uppfæra framtíðardrauminn, en ég á von á því að ég vilji vinna áfram í sjónvarpi og í skemmtanaíðnaðinum og því tengdu. Stóri draumurinn minn er samt að eignast svín. Ef ég gæti búið í húsi með stóran garð sem býður upp á vera með svín þá yrði ég ákaflega hamingjusamur.

Þetta er bara þú og míkrofónn og drullastu til að vera myndinn!





Farðu inn á [youtube.com/budrygindi](http://youtube.com/budrygindi) og skoðaðu myndbrot frá gullaldarskeiði hljómsveitarinnar.



HÁRPRÚDIR Í NÆRMYND ÁRIÐ 2002



ERU SPILAKASSARNIR BESTU VINIR ÞEIRRA?

## Hafðu það aðeins betra

Námsmönnum í Námsvild bjóðast námsstyrkir, bókastyrkir, fríar debetkortafærslur og margt fleira. Handhöfum stúdentakortsins bjóðast einnig ýmis sértílböð og afslættir svo þeir hafi það aðeins betra.

Kynntu þér Námsvild í næsta útibúi eða á [www.isb.is](http://www.isb.is).

MYTIA HOSID / SIA 11-0839







# Sá sem er á lausu geymir verðlaunin

Gömlu rokkguttarnir í **Búdrýgindum** gáfu út nýtt lag á dögum og hyggjast halda tónleika um helgina. Af því tilefni rifjaði **Axel Haraldsson**, trommuleikari, upp sögu bandsins með **Monitor**

## 1999

**Búdrýgindi** æfir í fyrsta sinn, sama ár og meðlimir bandsins urðu tólf ára.

„Þarna voru menn búnir að betla græjur í jólagjöf og ég man að Viktor var sendur með alla sparipeningana sína að kaupa bassamagnara og bleika gítaröl. Við vorum allir búnir að vera saman síðan í 1. bekk í Kópavogsskóla.“

**Komu fram í Ísland í dag á Stöð 2.**

„Við sendum tölvupóst á Stöð 2 og sögðumst bara vera hljómsveit sem vildi koma í sjónvarpinu og þau bitu á agnið. Við tókum þetta upp um páska-ana '99 þegar Kani-æðið var í hámarki, eins og sjá má á buxunum okkar. Þetta var fyrsta skipti sem maður var tekinn í viðtal, þetta gerði mikið fyrir okkur og var ákveðinn vendipunktur. Ég man samt að við vildum taka miklu aggressívara lag en þau vildu fá eitthvað rólegt, við vorum kannski of þónkaðir fyrir páskaðagskrá Stöðvar 2 en þetta var gaman.“

Mynd/Golfi

## 2000

**Taka þátt í Músíktíraunum** og eru útnefndir „bjartasta vonin“.

„Þetta var skemmtilegt úrslitakvöld af því að Dikta var að keppa líka, Ólafur Arnalds var að spila á trommur með Mannamúl og svo unnu Rottweiler. Þeir voru flottir og voru voða næs við okkur litlu krakkana.“

**Nýr söngvari gengur til liðs við bandið stuttu eftir Músíktíraunir, Magnús Ágústsson.**

„Valgeir Tómasson, gamli söngvarinn, var á fullu í íþróttum og ákvað að fara að einbeita sér að því. Þá grófum við upp Magga sem var nýkominn í skólann okkar, svipaður gæi og við og var svolítið týndur í lifinu svo við tókum hann upp á okkar arma.“

## 2001

**Búdrýgindi** tekur upp í fyrsta sinn og skellir upptökunum á **Rokk.is**.

## 2002

**Siggilafó kemst í fyrsta sæti á Rokk.is.**

„Með þessu komst dálítið „underground-vibe“ í gang. Um svipað leyti fórum við í Rokkland hjá Óla Palla.“ **Hljómsveitin ber sigur úr býtum í Músíktíraunum.**

„Við erum örugglega fyrsta hljómsveitin til að vinna þar sem allir meðlimirnir tóku saman strætó á úrslitakvöldið því enginn gat skutlað okkur. Okkur datt ekki í hug að við myndum vinna af því að við vorum svo ungir og myndum til dæmis aldrei fá að spila á neinum börum. Markmiðið var að lenda í svona þriðja sæti, þá hefðum við fengið stúdíótíma en svo bara unnum við og það var alger snilld. Við vorum reyndar svo rólegir að við fórum heim að sofa og fengum okkur síðan hamborgara daginn eftir til að fagna því, við vorum ekki meiri rokkstjörnur en það. Það var reyndar rosalegt skítkast á Hugi.is eftir að við unnum en við ákváðum bara að gera grín að því.“

**Fyrsta platan, Kúbakóla, kemur út.**

„Við áttum strax efni í plötu og fengum útgáfusamning eftir sigurinn. Það var alger draumur að gefa þetta út. Við tókum hana upp með Jóni Skugga og hann gerði þetta helviti vel. Maður var mjög stoltur og við reyndum að pranga þessu inn á alla í skólanum okkar og ég held að það hafi enginn þorað að segja nei.“



AXEL (EDA VAR ÞAD ALEX?)

**Morgunblaðið** birtir viðtal við **Búdrýgindi** þar sem Axel trommari er ítrekað nefndur Alex.

„Ég lendi í þessu annan hvern dag að fólk kalli mig Alex. Í MH lásu kennarar mig oft upp sem Alex þótt það stæði Axel fyrir framan þá. Ég veit ekki hvort það séu bara allir lesblindir á þetta nafn en þetta er bara eitthvað sem Axelar verða að sætta sig við.“

**Tónlistarmyndband við lagið Spila-fíkill með Sigurjóni Kjartanssyni í aðalhlutverki kemur út.**

„Við vorum allir rosalegir Fóstbræðra- og Tvihöfðaaðdáendur þannig að draumurinn var að fá hann. Við höfðum sjálfir samband við hann og hann var til.“

## 2003

**Útnefndir bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum.**

„Við fórum upp á svið og vissum ekkert hvað við áttum að segja en Maggi söngvari þakkaði fyrir Edduna en var í raun að þakka Eddu, útgáfufyrirtækinu, en kom út eins og þetta væri eitthvað rosa grín hjá honum. Við erum bara ennþá að monta okkur af þessu í dag. Það var alltaf grínregla í bandinu að sá sem væri á lausu fengi að hafa verðlaunin heima hjá sér.“

**Búdrýgindi gerir auglýsinga-samning við Egils um að auglýsa Mountain Dew.**

„Það voru góðir tímar, maður. Þetta var í rauninni þannig að við fengum ógeðslega mikið af gosi og snakki frítt í heilt ár og fengum borgað fyrir að drekka það. Svo voru einhverjir sem kölluðu okkur „sell-out“, en hvaða fimmtán ára strákur segir nei við einhverju svo?“

## 2004

**Önnur breiðskífa bandsins, Juxtapos, kemur út.**

„Það var djöfulsins vesen þegar hún kom út því einhver snillingur hjá pósfyrirtækinu sendi plötuna til Ástralíu en ekki Austurríkis. Þar af leiðandi seinkaði plötunni og kom út alltof nálægt júlum. Við vorum byrjaðir í prófum og gátum ekki fylgt henni nógu vel eftir. Við vorum ekki nógu miklar rokkstjörnur, við fórum bara samvisskusamlega í prófin.“

**Heimasíðan www.budrygindi.is** var hökkuð þannig að í stað heimasíðunnar kom bara upp argentínski þjóðfáninn.

## 2006

**Meðlimir bandsins útskrifast allir saman úr MH á þremur og hálfu ári. Spila fyrstu tónleika sína í glasi á Dillon á dimmisjonkvöldinu sínu.**

## 2007

**Strákarnir í hljómsveitinni byrja að lifa hátt og fara óvarlega í fjárfestingum og neyðast til að taka „comeback“ vegna peningapurðar.**

## 2009

**10 ára afmælistónleikar á Grand Rokk. Fullt hús og rífandi stemning sem gerir hljómsveitina graðari í meira spilerí.**

## 2011

**Búdrýgindi snýr aftur með lagið Maður í mýsinni árið 2011 og bandið heldur tónleika á Faktory þann 3. september.**

„Við erum alltaf búnir að halda hópinn allan þennan tíma og heyrumst oft í viku svo það var hálfheimskulegt að við skyldum ekki vera að spila tónlist saman, það er það skemmtilegasta sem við gerum. Þess vegna ákváðum við að kyla á að gefa út lag. Það hafa einhverjir fræðimenn sagt að textinn sé um síðaskiptin síðari en ég hef svo sem ekkert þælt í því.“ elg

**Hafðu bankann með þér**

Skannaðu strikamerkið til að sækja „appið“ í símann

Sæktu „appið“ í snjallsímann þinn á [m.isb.is](http://m.isb.is).

<http://www.islandsbanki.is/farsiminn/>

Student

Íslandsbanki

5987 6543 2109 8765

Íslandsbanki



**ELSTA**

Þessi peysa hefur verið heillengi í klæðaskápnunum og ég fékk hana í Gyllta kettinum fyrir langalöngu. Ég er mjög fljót að fá leið á fötunum mínum en þessi flik fær að hanga þarna.



**ÞÆGILEGASTA**

Mér finnst ofsalega þægilegt að skella mér í harem-buxur og þessar fékk ég í Nostalgíu. Ég er mjög hrifin af litnum og sniðið er svo kósi, nánast eins og að vera í náttbuxum. Þessi hvíti refapels er alltaf sígildur og ég keypti hann í Spúútník á sínum tíma. Hann er ofsalega mjúkur og góður og hlýjar mér vel á köldum vetrardögum. Mér finnst gaman að klæðast fallegum yfirhöfnum og ég nota pelsa oft dagsdaglega en þessi er samt alveg spari.



**BESTA**

Þetta KALDA-pils keypti ég hjá stelpunum í Einveru. Ég fæ aldrei leið á því og hef notað það gríðarlega mikið.



# Skóböðull og kamelljón

**Ágústa Sveinsdóttir** hóf nýlega nám í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands. Hún starfar einnig sem afgreiðslustúlka í Nostalgíu og Spúútník og lumar eflaust á gersemum í fataskápnunum.

**Hvernig myndir þú lýsa stílunum þínum í fimm orðum?** Kamelljón með vott af mikilmennskubrjálaði.

en ég er því miður alveg hrikalegur skóböðull. **Hvaða snyrtivöru gætir þú ekki verið án?** Mér finnst mesta stemningin í því að vera með varalit þegar ég vil vera fin og sæt.

**Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn?** Það er í raun enginn einn í uppáhaldi og mér finnst eiginlega bara erfitt að gera upp á milli. Þó er ég oft mjög hrifin af hönnuðum sem nota óhefðbundinn efnivið, eins og til dæmis Sruli Recht.

**fataskápurinn**

**Ef þú yrðir að fá þér tattú, hvað myndir þú fá þér og hvar?** Ég myndi fá mér 56 stjörnur í andlitið en það hefur alltaf verið gamall draumur. Þar að auki hef ég oft hugsað um að fá mér „full-sleeve“ með hákörllum, kyrkislöngum og brennandi krossum.

**Hversu mörg skópör átt þú?** Í augnablikinu á ég um það bil tíu stykki sem eru ennþá nothæf,



**DÝRASTA**

Þessi trúðakjól er frá henni Andreu en hann er sennilega með dýrari flíkum sem ég hef eignast. Ég elska að vera í litríkum fötum og mér finnst sniðið á honum ofsalega skemmtilegt.



**FLOTTASTA**

Ég á mjög erfitt með að gera upp á milli en ég fékk til dæmis þessa peysu hjá henni Andreu um daginn og mér finnst hún geðveik! Hún er klárlega í miklu uppáhaldi á þessari stundu.



**NÝJASTA**

Ég var að kaupa þennan guðdómlega kimono í Nostalgíu. Mér fannst litirnir ofsalega fallegir og hann er úr 100% silki. Þessi flik nýtist bæði vel sem léttur jakki eða jafnvel stuttur kjóll.

**SKRÍTNASTA**

Þessi gegnsæi kjólfatajakki er frá Nostalgíu. Hann er með pleður-bryddingum og mér fannst hann svo skemmtilega hallærislegur að hann fór eiginlega hringinn.





ÝMISLEGT ÞARF AÐ  
HAFA Í HUGA VARD-  
ANDI UMHIRÐU HÁRS

# Hárið eftir sumarið

**Monitor fékk Þóru Kristínu Sigurðardóttur, hárgreiðslu-  
konu á Eplinu til að segja okkur frá umhirðu hárs og það  
sem hafa þarf í huga þegar undirbúa á það fyrir veturinn.**

Heilbriggt og fallegt hár er eitthvað sem allir sækjast eftir og er alltaf í tísku. Hárið er líka partur af heildarútlitinu. Það er ekki bara nóg að kaupa sér flottustu fötin og skella á sig smá „make up“, heldur verður líka að hugsa um hvernig hárið lítur út.

Lykillinn að fallegu og heilbrigðu hári er að hugsa vel um það og nota réttar hárvörur. Núna eftir sumarið er tilvalið að skella sér í klippingu á hárgreiðslustofu og láta klippa þurra sólarenda í burtu og fá góða meðhöndlun og ráðgjöf, því eftir sumarið getur hárið orðið þurr og líflaust.

Hárnæringar eru ekki bara fyrir stelpur heldur stráka líka.

Númer eitt, tvö og þrjú er að eiga gott sjampó og hárnæringu og ættu allar stelpur að eiga djúpnæringu til að setja í hárið einu sinni til tvisvar í viku. Margar stelpur vilja safna síðu hári, en þá verður samt að klippa það reglulega til að viðhalda fallegum endum og forðast að þeir slitni.

Fyrir þær sem að blása hárið og slétta eða krulla með járnri er alveg nauðsynlegt að nota hitavörn sem maður spreypjar í hárið áður. Ég mæli

með hitavörn frá Sebastian sem heitir TRILLIANT og er hitavörn með gljáa. Hún gefur einnig léttu lyftingu og nærir hárið, algjör snilld.

Þegar hárið er blautt verður að passa að greiða hárið ekki of harkalega, heldur byrja neðst og vinna sig upp til að slíta ekki hárinu. Best er að nota grófa greiðu eða að leyfa hárinu að þorna aðeins.

Líðað hár eða permanent er alltaf flott og þá eru skiptar skoðanir á því hvað sé best að gera, en hver og einn finnur sína tækni við að fá krullurnar sem fallegastar. Greiða í gegn með grófri greiðu, þurrka létt með handklæði og leyfa því að þorna eða að blása krullurnar ýktari með dreifara.

Sniðugt efni í krullað hár er efni sem er líka frá Sebastian og heitir það POTION 9 og eru það nýu náttúrulegar olíur sem að vernda og lag-

færa hárið án þess að hlaðast upp í því. Einnig er hægt að nota það áður en maður blæs hárið slétt. Hárið verður viðráðanlegt og glansandi.

Að lokum, fyrir herrann, þá mæli ég með TEXTURE REFINE frá Sassoon sem gefur létt hald sem endist allan daginn.



HÁRNÆRINGAR ERU EKKI  
BARA FYRIR STELPUR

GOTT ER AÐ EIGA  
GOTT SJAMPÓ



ENNEMM / SIA / ANA 47193

Why so serious?  
(Dark Knight, 2008)

## FERILLINN



## Heath Ledger

**Hæð:** 185 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** The Joker.  
**Staðreynd:** Ledger er annar leikarinn í sögunni til að hreppa Óskarsverðlaun eftir andlát.  
**Eitruð tilvitnun:** „Það er dálítið óþægilegt að taka þátt í ástarsenu klæddur í brynju, en ég meina þegar ballið er byrjað, þá er ballið byrjað.“

**1979** Fæddist þann 4. apríl sem Heath Andrew Ledger í Perth, Ástralíu.

**1990** Lék Pétur Pan í uppfærslu á því sígilda verki í skólanum.

**1997** Sló í gegn í áströlsku sápuóperunum Home and Away, sem eru einir farsælustu þættir Ástralíu enn þann daginn í dag.

**1999** Fór með aðalhlutverk í unglingsmellinum 10 Things I Hate About You gegn Íslandsvininum Julia Stiles.

**2000** Byrjaði með leikkonunni Heather Graham. Sama ár lék hann á móti Mel Gibson í stórmyndinni The Patriot.

**2004** Kynntist barnsmóður sinni, Michelle Williams.

**2005** Alls komu út fimm bíómyndir með Ledger í stórum hlutverkum, þar á meðal Brokeback Mountain, þar sem hann lék samkynhneigðan kúreka með eftirminnilegum hætti. Eignaðist sitt fyrsta og eina barn, Matilda Rose.

**2007** Lék í Bob Dylan-myndinni I'm Not Thera ásamt fjöldanum öllum af stórlíkum.

**2008** Fannst meðvitundarlaus eftir að hafa innbyrt of stóran skammt af verkjalyfjum 22. janúar og úrskurðaður látinn skömmu síðar. Um sumarið sama ár kom myndin Dark Knight út þar sem Ledger fór á kostum sem illmennið Joker.

**2009** Hlaut verðlaun sem besti leikari í aukahlutverki fyrir Dark Knight. Síðasta mynd sem Ledger lék í, The Imaginarium of Doctor Parnassus, kemur út.



Á ANNAN VEG ER EKKI HIN  
ÍSLENSKA BROKEBACK MOUNTAIN

## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## Á annan veg FRUMSÝND 2. SEPTEMBER

Á annan veg er mannleg gamanmynd sem segir frá tveimur ungum mönnum sem starfa við vegavinnu á afskekktum fjallvegum á 9. áratugnum. Þeir handmála merkingar á malbik og reka niður tréstikur í vegkanta og hafa ekkert nema hvorn annan og

tilbreytingarlausu vinnuna, sem væri kannski allt í lagi ef þeim líkaði betur hvor við annan. En eftir að lífið tekur óvænta stefnu læra þeir að meta félagsskap hvors annars og þróa með sér vináttu enda báðir á krossgötum í lífinu.

**Leikstjóri:** Hafsteinn Gunnar Sigurðsson.  
**Aðalhlutverk:** Hilmar Guðjónsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og Þorsteinn Bachmann.  
**Lengd:** 80 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 10 árað  
**Kvikmyndahús:** Háskólabíó og Borgarbíó Akureyri.

## f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á stórmyndina **Á annan veg**, fylgstu með...  
[facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)

Meira Ísland með Símanum á stærsta 3G neti landsins

M-ið er ómissandi ferðafélagi

Skannaðu kóðann eða sendu sms-ið M í 1900 og fáðu M-ið beint í símann þinn

Síminn

Meira Ísland  
Hafnarfjörður

Greitt er samkvæmt gjaldskrá. Nánar á Síminn.is

## KVIKMYND



## Enn ein Hollywood drullan

The Change-Up fjallar um félagana Mitch Planko (Ryan Reynolds) og Dave Lockwood (Jason Bateman). Líf þeirra er eins og svart og hvítt. Mitch býr einn og þarf ekki að hugsa um neitt nema sjálfan sig. Dave er metnaðarfullur lögfræðingur sem á eigin konu og þrjú börn. Þeir hittast þó reglulega og hafa miklar skoðanir á lífi hvors annars. Eftir nokkra bjóra og smá trúno pissa þeir saman í

gösbrunn sem verður til þess að þeir vakna í líkama hvors annars. Mitch verður Dave og Dave verður Mitch. Eftir það fer í gang atburðarás sem á að vera myndin en það fer mjög lítið fyrir þeim

húmor. Myndin byrjaði reyndar ágætlega og hún var alveg myndin svona fyrsta hálf tímann. Svo hætti myndin að vera myndin og breyttist í væmna klisjumynd sem fékk mig til að kasta upp ofan í kókglassið mitt. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum því ég hélt í byrjun að þetta myndi vera myndin mynd. Af hverju handritshöfundarnir hættu að skrifa brandara og fóru að skrifa Hollywood-ruslboðskap veit ég ekki. Það var allavega mjög léleg ákvörðun.

## Sömu steriótýparnar

Í myndinni eru þessar sömu steriótýpar sem maður hefur séð margoft. Reynolds er einhleypi gaurinn og hann er það einhleypur að það er eins og hann hafi aldrei verið í kringum mannfólk áður. Reynolds er alltaf að reyna að verða einhver alvöru leikari en það gengur voðalega erfðilega hjá honum. Kannski er ástæðan sú að hann getur í raun aðeins leikið svona Van Wilder-týpu. Ég hef samt alltaf gaman af Jason Bateman. Hann er ágætis grínleikari. Það er skemmtileg ára yfir honum og þó svo hann sé ekki alltaf í góðum myndum þá hef ég alltaf lúmskt gaman af honum. Reynolds og Bateman náðu vel saman og það er í rauninni það eina jákvæða sem ég get tekið frá þessari mynd.

Tómas Leifsson

CHANGE-UP

MMMMM

"VEISTU HVÍÐ ÉG GERÐI  
ÞARNA Á GAMLA FÖRDINUM,  
ÉG BAUÐ ÞEIM ÖLLUM  
ÞREMU FAR OG KVFIKTÍ Á  
KANANUM!"

Magnús Erlísson, KOMDU í PARTY

# KANINN ER 2 ÁRA Í DAG TAKK FYRIR AÐ HLUSTA!



Við trúum því að ef við brosum í  
hljóðneman þá heyrir hlustandinn brosið.  
Bros getur dimmu í dagsljós breytt sagði  
Einar Ben.

Hlutverk Kanans er þrjúþætt; skemmta  
hlustendum sínum, lækka auglýsingaverð á  
útvarpsmarkaði og skapa starfsvettvang  
fyrir skemmtilegt og skapandi útvarpsfólk.  
Við hætum aldrei að reyna að uppfylla  
það loforð

Í dag fögnum við 2 ára afmæli og með  
ykkar hjálp verða þau vonandi ennþá fleiri.  
Takk fyrir að hlusta!

Komdu í Party, kveiktu á Kananum!

BESTA TONLISTIN, FRETTR OG SKEMMTILEGASTA FOLKIÐ

**KANINN**  
**FM 1005**

## AEROPLANE Í SAMSTARFI VIÐ RVK UNDERGROUND

Föstudagur 2. september  
Square kl. 23:00



# Biðin er á enda

„Aeroplane spilar framtíðardískó, danstónlist sem er mun hægari en gengur og gerist en samt sem áður taktföst og flott. Hann er mjög virtur af klúbbafélki úti og mikils metinn á heimsmælikvarða,“ segir annar helmingur hópsins Rvk Underground sem stendur fyrir komu Aeroplane til landsins. „Það má segja að við séum að svara eftirspurn með því að fá hann hingað, það er mikið af fólki búið að vera að bíða eftir að hann komi. Mundi, fatahönnuðurinn, ætla að vera með tiskusýningu þetta kvöld og eftirpartí sýningarinnar verður þama samtímis. Þetta verður líka skemmtileg frumraun á Square við Lækjartorg. Þetta er bara byrjunin því við ætlum að fara eins og stormsveipur um skemmtanalíf í Reykjavík á komandi mánuðum.“

# fílófaxið

fimmtudagur **1** sept  
laugardagur **3** sept

**HUGLEIKUR DAGSSON – UPPISTAND**  
Café Rósenberg  
**20:30** Hugleikur Dagsson er ekki einungis fær teiknari heldur hefur hann einnig getið sér gott orð sem uppistandsgrínisti. Tekið er fram að „einhver annar“ hiti upp en inn á uppistandið kostar 1.000 kr.

**LÍM DRÍM TÍM – SYNGJANDI PLÓTUSNÚÐAR**  
Faktorý  
**22:00** Þeir Alexander Briem og Steindór Grétar Jónsson eru syngjandi plótusnúðar en sú iðn hefur hingað til ekki verið svo algeng hérlendis. Inn á skemmtun þessa kostar ekki krónu.

**HENRIK SCHWARZ**  
Nasa  
**23:00** Party Zone stendur fyrir alvörudanspartíi á Nasa þar sem Henrik Schwarz kemur til með að sjá gestum fyrir tónlist með skífubeytingum. Schwarz er sagður vera blanda af tónlistarsníllingi og partídyri en ásamt honum stígur á stókk íslenskt úrvalslið þetta kvöld. Aldurstakmark er 20 ár og aðgöngumiði kostar 2.000 kr.

föstudagur **2** sept

**GUTHRIE GOVAN – GÍTARSNILLINGUR**  
Café Rósenberg  
**21:00** Gítarspíleri Guthrie Govan ætti að vera hrein unun fyrir tónlistaráhugamenn að fylgjast með. Hann treður upp á Rósenberg, ásamt flinkum djasstónlistarmönnum, á tónleikum sem verða endurteknir á laugardagskvöldið með sömu tímasetningu. Miðaverð er 2.500 kr.

**MOSES HIGHTOWER Á SVÍNARI**  
Faktorý  
**23:00** Hin mánaðarlega tónleikaröð Monitor og Faktorý heldur áfram á föstudaginn þegar Moses Hightower stígur á stókk ásamt Kiriyama Family. Lesa má viðtal við Moses Hightower á bls. 4. Fritt inn.

**BÚDRÝGINDI SNÚA AFTUR**  
Faktorý  
**23:00** Búdrýgindi gáfu nýverið út nýtt lag, Maðurur í mysunni, og hyggjast fylgja því eftir með endurkomu-tónleikum um helgina ásamt hljómsveitinni Johnny and the Rest. Nánar má lesa um Búdrýgindi á bls. 16. Fritt inn.

## Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:  
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11 // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVAR, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARÐABÆJAR, Litlatúni 3

**Heilsuþúdin.is**  
- bætt útlit, betri líðan

# LOKAPRÓFIÐ

1. september 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti Jóhann Alfred

Pú veist hver ég er af því að Mið-Ísland-Anyone!

Uppáhaldspenninn minn á Pressunni frá upphafi er án efa  
a) Ágústa Johnson  
b) Björg Magnúsdóttir  
c) Björn Ingi Hrafnsson  
d) Egill Gillz Einarsson  
af því að hún er uppáhalds í öllum svörum!

Áður en ég fer að sofa á kvöldin þá  
a) hugsa ég um það hvernig Móses fór að því að kljúfa Rauðahafið.  
b) þraula ég alltaf „Because of You“ með Kelly Clarkson. Since You've Been Gone  
c) Brosi ég með sjálfum mér og hugsad hvað ég sé heppinn með þetta líf.  
d) Bursta ég tennurnar, pissa og leggst upp í rúm.

Ef ég þyrfti að deyja fyrir félagslið yrði það fyrir  
a) KR  
b) Tottenham Hotspur  
c) Val  
d) Liverpool  
því án þess væri lífið afar dauðt og ekki neigi hætt!

Mitt helsta afrek í lífinu var þegar ég  
a) var kjörinn ræðumaður Íslands eftir úrslitakeppni Morfis árið 2003.  
b) var kjörinn forseti Framtíðarinnar í Menntaskólanum í Reykjavík.  
c) komst í gegnum almennuna í lögfræðinni í háskólanum.  
d) þegar ég lék í auglýsingu frá Glitni þar sem ég kenndi fólki að fara með peninga.  
e) Rann á blakku þrettán.  
f) ladi á Menningarnótt og þor úr höndum! Ónd!  
Ég var alltaf ári á undan í skóla af því að  
a) kennarinn var hrifinn af mér í 3. bekk og ég því sendur beint í 4. bekk.  
b) ég var kominn í mútur í 3. bekk.  
c) ég er með yfir 200 í greindarvísitölu  
d) foreldrar mínir gleymdu hvað ég var gamall og giskuðu á að ég væri einu ári eldri en ég er í raun og veru.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:  
Jóhann A. Kristinsson  
Jebb! Þetta er bara jafnsvaldamáli!

Ef ég væri ekki Jóhann Alfred Kristinsson væri ég  
a) Jóhann G. Jóhannsson, tónlistarmaður  
b) Pétur Jóhann Sigfússon, leikari  
c) Jóhann Berg Guðmundsson, knattspyrnumaður  
e) Joe sem Jimmy Hendrix kallar á af því að þa væru flottari myndir af mér í Monitor

Það sem ég kann best við í fari Óttars Bender sem ég leik í auglýsingunum frá ÓB er  
a) mottóið hans: „að dæla og smæla.“  
b) hversu orðheppinn hann er.  
c) jákvæðnin í honum.  
d) að karakterinn tryggir mér fritt bensín næsta árpúandið.  
e) ekkert af ofantöldu því ég kann alls ekki vel við hann.

Það sem fáir vita um mig er ad ég hef tæpit 5x úr höndum. Heppinn!

Ég er hluti af Mið-Íslandi af því að  
a) mér finnst ég svo töff innan um þessa stráka.  
b) ég er svo óstjórnlega fyndinn.  
c) þeir neyddu mig til að vera með.  
d) fólk er bara að fila kallinn.  
e) Bergr og Dóri.  
Fyndnastur í Mið-Íslandi er  
a) Ari Eldjárn Velin  
b) Bergur Ebba Benediktsson  
c) Halldór Halldórsson Fyndnastur  
d) ég sjálfur Bestur  
e) og það fyndnasta sem hann Ari hefur sagt er U. Eggi Þormur af Jakobí Frimanni son hann á alveg í mí.

Síðasta sms sem ég fékk var frá Ragga Hannsnyri þú leustjóra og í því stóð Já, takk! Verð kominn þú

Éinn ekki á bíll  
Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa Seize the day!

# Síðast en ekki síst

» Hrefna Rósa Sætran, matreiðslukona, fílar:

**Kvikmynd:** Horfðu á Serial Mom frá 1994 um daginn og komst að því að mér finnst hún geðveik og í framhaldi af því komst ég að því að ég fila John Waters kvikmyndagerðarmann.

**Þáttur:** Það er Deadly Women á Investigation Discovery. Reyndar horfi ég á alla þættina þar. Skrýtin og óútreiknanleg mannleg hegðun er heillandi. Svo Good eats a food network þar sem kokkurinn Alton Brown tekur eitt hráefni og kryfur það í hverjum þætti.

**Bók:** Fékk áhugaverða bók í afmælisgjöf frá vinkonu minni um japanskan fatahönnuð sem hannar fót á kisu. Sú bók höfðar til mín þar sem ég fila

Japan, fatahönnun og kisu. Já, og hún er líka fyndin en þetta er samt ekkert djó.

**Plata:** Ég hlusta mest á gamla tónlist frá 50's upp í 70's og hlusta mest á það þegar ég er ein.

**Vefsíða:** Martha Stewart hefur lengi verið í upphaldi hjá mér (eða fólkið sem vinnur við vefsíðuna hennar). Mér finnst hún líka töff. Svona fyrirmyndarhúsmóðir „gone bad“. Mikið af góðum hugmyndum á marthastewart.com

**Staður:** Mér líður hrikalega vel heima hjá mér í Litla-Skerjafirði. Þetta er miðbærinn 101 þar sem ég hef búið lengst af en samt svona út fyrir.

[www.opticalstudio.is](http://www.opticalstudio.is)



LINDBERG 2030/915 NATURE BUFFALO HORN, WHITE GOLD

ÞAR SEM ÚRVALIÐ  
ER AF UMGJÖRÐUM

**Optical Studio**  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

# Rétta leiðin fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnotendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

 <p><b>Ódýrari mínútur</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*</p> <p>Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands</p> <p>590 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mån.</p>	 <p><b>3 vinir og 300 SMS</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>1.390 kr. mánaðargjald</p> <p>*600 mín./ 300 SMS á mån. 300 MB á mån. fylgir til áramóta.</p>	 <p><b>6 vinir óháð kerfi</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>2.190 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi</p> <p>*Áskrift 1.000 mín./ 500 SMS á mån. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.</p>	 <p><b>1000 mínútur</b></p> <p>Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*</p> <p>Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið</p> <p>7.990 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mån.</p>	 <p><b>Ring</b></p> <p>Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir</p> <p>0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða</p> <p>0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*</p> <p>*1.000 mín./ SMS á mån.</p>
--	---	--	---	---

